

# Álagning gjalda í Hvalfjarðarsveit 2014

## 1. Útsvar

**Álagningargjaldstig útsvars á tekjur ársins 2014 er 12,44%**

Auk útsvars vegna tilfærslu þjónustu við fatlaða frá ríki til sveitarfélaga 1,20 prósentustig.

**Samtals 13.64 %**

## 2. Álagning fasteignagjalda árið 2014.

### Fasteignaskattur;

Í lögum um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995 segir, að allar fasteignir sem metnar eru af Fasteignaskrá Íslands skuli árlega leggja á skatt til sveitarfélagsins þar sem fasteignin er.

Fasteignaskattur A-flokkur 0,47%

Fasteignaskattur B-flokkur 1,32%

Fasteignaskattur C-flokkur 1,65%

Lóðarleiga í þéttbýli 1,25% af fasteignamati.

### Sorphirðugjald

Sorphirðugjald vegna íbúðarhúsnæðis kr. 18.740.

Sorphirðugjald vegna sumarhúss kr. 10.310.

Gjöld voru uppreiknuð miðað við vísitölu í jan. 2014.

### Sorpurðunargjald

Sorpurðunargjald vegna íbúðar og sumarhúsa kr. 1.560.

Gjöld voru uppreiknuð miðað við vísitölu í jan. 2014.

### Rotþróargjald

Rotþróargjald er kr. 8.300,- og er árlegt gjald fyrir tæmingu rotþróa á hvert íbúðarhús og sumarhús. Rotþrærnar sjálfar eru tæmdar þriðja hvert ár. Þriðjungur kostnaðarins er innheimtur á hverju ári.

### Gjalddagar fasteignagjalda

Gjalddagar fasteignagjalda verða 7 talsins á mánaðarfresti 15. hvers mánaðar. Í febrúar, mars, apríl, maí, júní, júlí, og ágúst. Fyrsti gjalddagi 15. febrúar. Ef álagning er 25.000 kr. eða minna er einn gjalddagi 15. maí.

### Elli- og örorkulífeyrisþegar:

Afsláttur á fasteignaskatti til örorku- og ellilífeyrisþega er tekjutengdur.

Ekki þarf að sækja um lækkun, gerður vélrænn samanburður

tekna samkvæmt fyrirbyggjandi skattframtali. Örorkulífeyrisþegar þurfa að leggja fram örorkuskírteini.

### **Afsláttur vegna einstaklinga:**

<b>Tekjumörk :</b>			<b>Afsláttur :</b>
0	-	2.650.000	100%
2.650.001	-	2.900.000	80%
2.900.001	-	3.160.000	50%
3.160.001	-	3.770.000	25%

### **Afsláttur vegna hjóna:**

<b>Tekjumörk :</b>			<b>Afsláttur :</b>
0	-	4.200.000	100%
4.200.001	-	4.800.000	80%
4.800.001	-	5.100.000	50%
5.100.001	-	5.300.000	25%